

Gróður í fjöllum fyrir ofan Siglufjörð

Hörður Kristinsson

Unnið fyrir Verkfræðistofuna Línuhönnun

NÍ-01023

Akureyri, nóvember 2001

NÍReykjavík Akureyri

Skýrsla nr NÍ-01023	Dags, Mán, Ár Nóv. 2001	Dreifing <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill Gróður í fjöllunum fyrir ofan Siglufjörð		Upplag 12
		Fjöldi síðna 5
Höfundar Hörður Kristinsson	Verknúmer A 01 11 20	
Unnið fyrir Verkfræðistofuna Línuhönnun		
Samvinnuaðilar		
Útdráttur Teknar voru saman fyrirbyggjandi upplýsingar um gróður í fjöllunum ofan Siglufjarðarkaupstaðar vegna fyrirhugaðra stoðvirkja fyrir snjóflóðavarnir. Sjaldgæfasta tegundin sem vitað er um á þessu svæði er bergsteinbrjótur, og er gerð grein fyrir staðsetningu hans að svo miklu leyti sem hægt er án vettvangsskoðunar. Aðrar fágætar tegundir eru ýmsar snjódældaplöntur sem eru fágætar á landsvísu, en eru víða í nágrenni Siglufjarðar.		
Lykilorð gróður, bergsteinbrjótur, stoðvirki, snjóflóðavarnir, Siglufjörður,	Yfirlit	

EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR	3
2 HLÍÐIN OFAN VIÐ KAUPSTAÐINN	3
3 ÁHRIFASVÆÐI STÖÐVIRKJA Í FJALLINU	3
4 FUNDARSTAÐIR BERGSTEINBRJÓTS	4
5 NIÐURSTÖÐUR	5
6 HEIMILDIR	6

1 INNGANGUR

Samkvæmt beiðni frá Línuhönnun dagsettri 29. október 2001, hef ég tekið saman stutta greinargerð um gróðurfar í hlíðinni og fjöllunum ofan Siglufjarðar, einkum með tilliti til staðsetningar fyrirhugaðra framkvæmda við snjóflóðavarnir.

Umfjöllun um svæðið er skipt í tvennt, annars vegar framkvæmdasvæði snjóflóðavarnargarða í hlíðinni ofan við Siglufjarðarbæ, og hins vegar áhrifasvæði stoðvirkja sem fyrirhugað er að reisa í fjöllunum ofan við bæinn, og á brúnum Hvanneyrarskálur.

2 HLÍÐIN OFAN VIÐ KAUPSTAÐINN

Gróður á láglandi í Fljótum, Siglufirði og Héðinsfirði er afar sérstæður miðað við gróður víðast annars staðar á Íslandi. Þetta kemur meðal annars fram í skýrslum sem skrifaðar hafa verið um gróður vegna umhverfismats á þessu svæði (Hörður Kristinsson og Guðmundur Guðjónsson 1997 og 2000, Halldór G. Pétursson og Hörður Kristinsson 2000). Ástæðan er einkum meiri snjóþyngsli á láglandi en víðast annars staðar á landinu. Sambærilegur gróður er á Látraströnd og í Fjörðum, og á vissum svæðum norður á Ströndum. Það sem einkennir þennan gróður eru hópur sjaldgæfra tegunda sem eru útbreiddar á þessu svæði, einkum skollaber, skollakambur, þúsundblaðarós, bláklukkulyng, hjartafífill og skrautpundur. Fjórar þær fyrstnefndu komu fram við gróðurrannsóknir neðan Strenggils og Jörundarskálur í hlíðinni ofan við sunnanverðan Siglufjarðarbæ 1997.

Líklegt er að gróðurinn sé svipaður áfram út hlíðina ofan við bæinn. Þó kemur fram á korti í skýrslu um Fljótaleið (Halldór G. Pétursson og Hörður Kristinsson 2000 bls. 28), að þessi sérstæðu gróðursvæði eru fremur innan til í fjörðunum heldur en út til hafsins. Því er trúlegt að þessum tegundum fækki eftir því sem utar dregur í hlíðinni. Samkvæmt ritgerð Guðbrands Magnússonar (1964) um Flóru Siglufjarðar má ætla að skollakambur og þúsundblaðarós nái eitthvað út fyrir bæinn í hlíðinni, en ekki er vitað þar um skollaber, bláklukkulyng, hjartafífill né skrautpundur. Í sömu ritgerð kemur hins vegar fram að þríhyrnuburkni er fundinn á einum stað í hlíðinni upp af Siglufirði, en sá burkni er afar sjaldgæfur á Norðurlandi þótt hann sé algengari á Vesturlandi og Suðurlandi. Í annarri grein Guðbrands í Týli (Guðbrandur Magnússon 1980) kemur hins vegar fram að þessi eini fundarstaður þríhyrnuburknans á Siglufirði hvarf undir veg sem Landssíminn létt leggja upp í Hvanneyrarskál, og hefur hann ekki sést á Siglufirði síðan.

Annarra sjaldgæfra tegunda er ekki getið úr hlíðinni ofan við Siglufjörð, að undanskildum slæðingum sem fylgja ræktun og annarri athafnasemi manna.

3 ÁHRIFASVÆÐI STOÐVIRKJA Í FJALLINU

Í háfjöllunum umhverfis Eyjafjörð vaxa ýmsar fjallaplöntur sem eru fremur fágætar á Íslandi auk algengra fjallategunda. Eftir því sem best er vitað ná þessar fágætari fjallategundir lítið norður fyrir Heljardalsheiði, og vantar því flestar í fjöllin ofan Siglufjarðar (Hörður Kristinsson 1991). Undantekning frá þessu er fjallabrúða, en hún er fundin á fjallseggjum ofan við Hraunadal í Fljótum. Því er ekki vitað um neinar sjaldgæfar háfjallategundir í fjöllunum umhverfis Hvanneyrarskál, en ýmsar algengari fjallategundir eins og jöklasóley, dvergsóley og snækrækill eru þar víða (Guðbrandur Magnússon 1964).

Margar plöntur sem algengar eru á láglendi eru það harðgerðar, að þær ná hátt upp í fjöllin við Siglufjörð. Heimildir um gróður eru einkum til frá tveim fjöllum, Breiðafjalli og Skarðshnjúki sunnan Siglufjarðarskarðs, og Leyningssúlum með Hákömbum milli Skarðsdals og Fjarðarbotns. Á Breiðafjalli vaxa um 80-90 tegundir uppi á fjallsflötinni í 500-600 m hæð, en um 30 tegundir vaxa í 700-800 m hæð í Skarðshnjúk og Hákömbum (Náttúrufræðistofnun, gagnagrunnur 2001). Ekki er ólíklegt að eitthvað svipaður fjöldi tegunda sé í fjöllum báðum megin Hvanneyrarskálar, Hafnarhrynu og Gróuskarðshnjúk.

Ekkert bendir til þess, að meðal þessara plantna séu verulega fágætar tegundir, nema bergsteinbrjótur sem vitað er að vex á snarbröttum klettaröðli austan í Gróuskarðshnjúk norðan Hvanneyrarskálar. Þessi staður er einn af örfáum þekktum fundarstöðum tegundarinnar á Norðurlandi, en hún hefur fundist á nokkrum fundarstöðum á Vesturlandi en mest er af henni á Austfjörðum. Þessi steinbrjótur var lengi vel friðaður, en þeirri friðun hefur nú verið aflétt, líklega vegna þess að vaxtarstaðir hans eru almennt mjög óaðgengilegir, mest í klettaskorum hamraveggja. Þar sem bergsteinbrjóturinn hefur sérstöðu meðal plantna umhverfis Hvanneyrarskál, mun ég fjalla um hann sérstaklega hér á eftir.

4 FUNDARSTAÐIR BERGSTEINBRJÓTS

Það var Guðbrandur Magnússon, kennari og áhugamaður um plöntur, sem fyrstur íslendinga fann bergsteinbrjót á Siglufirði árið 1952 (Ingimar Óskarsson 1956, Guðbrandur Magnússon 1964). Fundarstaðinn kenndi hann ýmist við Hvanneyrarskál eða fjallið sem ýmist er nefnt Litli Strákur eða Gróuskarðshnjúkur. Eftir því sem ég hef komist næst er vaxtarstaðurinn í klettaröðli sem gengur niður frá Gróuskarðshnjúk og liggur norðan að Hvanneyrarskál. Hann er ætíð talinn vera í um 300 m hæð yfir sjó. Helgi Hallgrímsson, sem eitt sinn fór með Guðbrandi á vaxtarstaðinn, lýsir honum svo, að þeir hafi farið upp á lághrygginn norðan við Hvanneyrarskálina. Þar er töluvert af steinbrjótum uppi á hryggnum móti norðri eða norðaustri (Helgi Hallgrímsson 1964).

Samkvæmt grein Guðbrandar í Týli (Guðbrandur Magnússon 1980), er vaxtarsvæði steinbrjótisins um 500 fermetrar að flatarmáli, snarbrattur klettaröðull. Hann greinir frá því að hann hafi vitjað hans flest árin, og að oft séu þar aðeins um 10-12 blómstrandir eintök, sum árin færri, en 1973 mest eða um 65 plöntur í blómi.

Þótt talið hafi verið að Guðbrandur hafi fyrstur fundið bergsteinbrjótinn á þessum stað, þá kemur í ljós að norskur grasafræðingur, Johannes Lid, hefur safnað bergsteinbrjót á Siglufirði árið 1939. Uppgefin staðsetning þessara eintaka eru Bæjarbrúnir við Hvanneyrarskál, og eru þau varðveitt í plöntusafninu í Osló (Náttúrufræðistofnun Íslands, gagnagrunnur 2001). Þessi staðsetning gæti hugsanlega átt við sama fundarstað og áður var lýst, eða a.m.k. í næsta nágrenni. Svo virðist sem þessi fundur hafi verið ókunnur íslenskum grasafræðingum, þar sem ekkert er getið um bergsteinbrjót á Siglufirði, hvorki í III. útgáfu Flóru Íslands sem kom út 1948, né í Lýsingu Eyjafjarðar sem kom út árið eftir (Ingimar Óskarsson 1949).

Af því sem hér hefur komið fram má sjá, að fundarstaður bergsteinbrjótisins á Siglufirði er í 300 m hæð á hryggnum norðan Hvanneyrarskálar. Sá staður er a.m.k. mjög nálægt, ef ekki á þeim stað, sem fyrirhugaður er undir nyrsta stoðvirkið norðan Hvanneyrarskálar. Sé það hins vegar alfarið staðsett í skriðunum sunnan í hryggnum,

en ekki í klettunum uppi á honum, ætti vaxtarstaður bergsteinbrjótsins að sleppa við rask.

5 NIÐURSTÖÐUR

Engin vettvangsathugun hefur farið fram á gróðri vegna fyrirhugaðra framkvæmda, en farið var yfir fyrirbyggjandi heimildir. Engar heimildir fundust um gróður í Hafnarhyrnu sunnan Hvanneyrarskálar. Helstu niðurstöður eru því þessar:

- Flest bendir til að gróður í hlíðinni efst í bænum sé svipaður og fram kom í skýrslu um snjóflóðavarnargarða 1997. Líklegt er að verndargildi gróðurs minnki fremur er utar dregur ofan bæjarins.
- Vitað er að bergsteinbrjótur vex á eða mjög nálægt því svæði sem ætlað er undir nyrsta stoðvirki á hryggnum norðanvert við Hvanneyrarskál. Þar sem þessi steinbrjótur vex í klettum, ætti ekki að þurfa að raska vaxtarsvæði hans verulega, þótt settir verði upp staurar til að halda stoðvirkjunum.
- Engar upplýsingar liggja fyrir um gróður í Hafnarhyrnu sérstaklega, og því ekkert sem bendir til að þar sé að finna tegundir með hátt verndargildi.

6. HEIMILDIR

Guðbrandur Magnússon 1964. Flóra Siglufjarðar (Hvanneyrarhrepps). Flóra 2: 51-64.

Guðbrandur Magnússon 1980. Flórunýjungar, af tveimur steinbrjótum. Týli 10: 47-48.

Halldór G. Pétursson og Hörður Kristinsson 2000. Jarðgöng úr Siglufirði í Ólafsfjörð – Fljótaleið, jarðfræði og gróður. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-00016, 32 bls.

Helgi Hallgrímsson 1964, óprentaðar ferðadagbækur.

Hörður Kristinsson 1991. Gróður. Í: Fjalllendi Eyjafjarðar að vestanverðu II. Árbók Ferðafélags Íslands 1991, 7-20.

Hörður Kristinsson og Guðmundur Guðjónsson 1997. Gróður á fyrirhuguðu svæði snjóflóðavarnargarða á Siglufirði. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-97012, 13 bls.

Hörður Kristinsson og Guðmundur Guðjónsson 2000. Gróður við fyrirhugaða veglínu vegna ganga milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-00001, 18 bls.

Ingimar Óskarsson 1949. Háplöntuflóra héraðanna umhverfis Eyjafjörð. Í: Steindór Steindórsson, Lýsing Eyjafjarðar. Norðri, Akureyri.

Ingimar Óskarsson 1956. Nýjungar úr gróðurríki Íslands. Náttúrufræðingurinn 26: 102-104.

Náttúrufræðistofnun Íslands 2001. Gagnagrunnur um útbreiðslu plantna.